

Guðmundsson, Björn Björnsson á Litlavelli, Ólafur Ingimundsson, Nafi Vigfússon í Nesi, Jón Jónsson í Grímstaðakoti, Ófeigur Guðmundsson, Jón Jónsson í Nesi, Sigurður Jónsson í Skildinganesi og Ólafur Þormóðsson,—eiga að greiða 50 króna sekt hver þeirra. Sektirnar renni að hálfu í sveitarsjóð Rosmhvalaness-hrepps, en að hálfu til tilsjónarmanna, þó ekki til hins kærða Sigurðar Andrjessonar.—Svo greiði og hinir kærðu allan af málinu í hjeraði og fyrir yfirdómi leiðandi kostnað, þar með talin málflyttingslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Hannesar Hafsteins og Guðlaugs Guðmundssonar, 10 krónur til hvors þeirra, að $\frac{1}{25}$ hluta hver þeirra.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 2. maímán.

Nr. 19/1886.

Bergur prófastur Jónsson
vegna Vallanesskirkju

gegn

Sigurði Hallgrímssyni og
Gunnari Pálssyni.

D ó m u r :

Mál þetta, sem áfrýjað hefur verið til yfirdómsins með stefnu dags. 13. ágúst f. á., hefur tvívegis verið tekið fyrir til meðferðar af sáttanefnd, fyrst eptir sáttafyrirkalli, út gefnu 24. maí 1884, og aptur eptir fyrirkalli,

út gefnu 11. maí 1885. Sáttanefndin hefur vottað, að eptir hinu eldra fyrirkallinu hafi sáttafundur verið haldinn að Vallanesi hinn 3. júní 1884, en eigi getur nefndin um það, hvort málspartar hafi mætt eða látið mæta á fundinum. Sáttanefndin vottar og, að hún hafi tekið málið fyrir eptir yngra fyrirkallinu, en eigi skýrir nefndin frá því í vottorði sínu, hvar eða hvenær málið hafi verið fyrir tekið, nje heldur er þess sjerstaklega getið, hvort málspartar þá hafi mætt persónulega. Vottorðin um birtingu á hvorutveggja fyrirkallinu eru með öllu ólögmet, og verður jafnvel eigi sjeð, að þau sjeu gefin af stefnuvottum. Það er þannig eigi sannað með vottorðum sáttanefndarinnar, nje heldur hefur það verið sannað á annan hátt, að mál þetta hafi verið lagt löglega til sátta samkvæmt fyrirmælum tilskipunar 20. janúar 1797, og ber því að dæma hinn áfrýjaða dóm ómerkan og vísa málinu frá undirrjettinum. Málskostnaður falli niður, en málsfærslulaun hins skipaða talsmanns áfrýjandans, er fengið hefur gjafsókn fyrir yfirdómi, ákveðast 12 kr., og greiðist af almannafje.—Sókn málsins fyrir yfirdóminum hefur verið lögmet.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði dómur á ómerkur að vera, og vísast málinu frá undirrjettinum. Málskostnaður falli niður, og laun hins skipaða talsmanns áfrýjandans, Guðlaugs málaflutningsmanns Guðmundssonar, 12 krónur, greiðist af almannafje.